

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1050

Dagsetning: 10. desember 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), sem sat fundinn undir liðum 5-8, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Guðmundur Marinó Ingvarsson, deildarstjóri rafrænnar þjónustu, sat fundinn undir lið 5. Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir liðum 5 og 6. Ingunn Sigurgeirsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir liðum 5 og 6. Stefán Aðalsteinsson, sérfræðingur á mannauðssviði, sat fundinn undir lið 6.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 3. desember var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Kjarasamningar lækna

Umræður um kjarasamninga Læknafélags Íslands við ríkið sem hafa verið í kynningu og fara nú í atkvæðagreiðslu.

### 4. Fundaráætlun stjórnenda

Farið var yfir drög að áætlun fyrir fundi stjórnenda starfseininga HH eftir áramót og fram á vor. Drögin voru samþykkt með smávægilegum breytingum.

### 5. Úttekt á ráðningarferli og umbótaverkefnum

Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi, Guðmundur Marinó Ingvarsson, deildarstjóri rafrænnar þjónustu, og Ingunn Sigurgeirsdóttir mannauðsráðgjafi komu á fundinn til að kynna niðurstöður ferlagreiningar tengt ráðningum og starfslokum hjá stofnuninni og umbótaverkefni sem unnið verður að í kjölfar greiningarinnar. Framkvæmdastjórn lagði áherslu á að vinna áfram að umbótaverkefnum sem voru kynnt á fundinum.

### 6. Veikindafjarvistir starfsfólks

Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi, Ingunn Sigurgeirsdóttir mannauðsráðgjafi og Stefán Aðalsteinsson, sérfræðingur á mannauðssviði, komu á fundinn til að kynna

úttekt á veikindum starfsfólks vegna ársins 2023. Framkvæmdastjórn ákvað að kalla eftir sambærilegri úttekt fyrir árið 2024, sem hægt verður að vinna seint í janúar 2025 þegar allar tölur eru komnar, og nánari greiningu á tölunum.

#### **7. Stofnun ársins**

Upplýst var um atriði sem upp kom varðandi könnunina Stofnun ársins tengt skráningu starfsfólks sem starfar á fleiri en einni starfsstöð.

#### **8. Breytingar á launagreiðslum til starfsmanna geðheilsuteyma**

Kynnt var minnisblað frá mannauðssviði varðandi breytingar á útreikningum launa starfsfólks geðheilsuteyma. Ákveðið var að skoða málið frekar áður en farið verður í þessar breytingar til að tryggja samræmi innan stofnunarinnar.

#### **Aðgerðir og verkefni**

- Upplýsa þar skrifstofustjóra á skrifstofu HH um fundardagskrá vorsins, sjá lið 4.  
Ábyrgð: RÓE
- Halda þarf áfram vinnu við umbótaverkefni, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SKP
- Vinna þarf úttekt á veikindum á árinu 2024, sjá lið 6.  
Ábyrgð: SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:45.